

Almennar upplýsingar

AMÍ 2016 verður haldið á Akranesi dagana 24. - 26. júní. Keppt verður í Jaðarsbakkalaug.

Boðið verður upp á gistingu í Grundaskóla á Akranesi. Skólinn er staðsettur við hlið sundlaugarinnar í um 100 metra fjarlægð. Eins og venja er með sundmót þarf fólk að hafa með sér dýnur og annan viðlegubúnað. Matur verður einnig framreiddur í Grundaskóla. Lokahófið fer fram í Íþróttahúsinu að Jaðarsbökkum sem er áfast lauginni.

Verð:

Heildar verð með gistingu frá og með fimmtudagskvöldi 24. júní, mat frá fimmtudagskvöldi, til og með lokahófi á sunnudagskvöldi og hinn sívinsæla AMÍ bol, þá er kostnaðurinn kr. 21.500.- á mann. Einnig er tilboð án lokahófs á kr. 17.500.-. Hægt verður að gista fram á mánudag, fá morgunmat og bætast þá við kr. 1.900.- kr. Þegar er pantað er mikilvægt að fram komi hvaða stærð af bol óskað er eftir (sjá stærðatöflu hér neðar – athugið að miðað er við karlastærðir og barnastærðir). Athugið að í boði verður að kaupa stakar máltíðir á meðan á móti stendur.

Greiðist inn á reikning: 0186- 26- 1677 kt. 630269-4239 fyrir föstudaginn 17. júní. Og sendið staðfestingu á dannisig@isl.is

Skráning í mat og gistingu

Skráningar vegna gistingar skulu berast Sundfélagi Akraness, í tölvupósti á netfangið sundfelag@sundfelag.com fyrir 15. júní. Við getum ekki ábyrgt að verða við skráningum sem berast síðar, né heldur endurgreiðslu á skráningum eftir þennan tíma. Vinsamlegast athugið að matar- og gistipassar verða afhentir frá 16:00 - 20:00 í Grundaskóla fimmtudaginn 23. júní og þá aðeins gegn framvísun á staðfestingu á greiðslu (til dæmis útprentun úr heimabanka).

Spurningum varðandi AMÍ-pakkann skal beina á netfangið sundfelag@sundfelag.com

Skráning sundmanna


Skráning í greinar er hjá Sundsambandi Íslands motamal@sundsamband.is.

Æfingatímar fimmtudaginn 23. júní

Vinsamlegast hafið samband við Kjell yfirþjálfara og framkvæmdastjóra SA með pöntun á æfingatíma. Sendið beiðni á kjell@sundfelag.com

Annað

Ýmsar upplýsingar um mótið verða á heimasíðu Sundfélags Akraness þegar nær dregur mótinu. Fólki er einnig bent á að skoða síðu Akranesskaupstaðar, <http://www.akranes.is/>. Þar er meðal annars hægt að sjá hvað verður í boði til afþreyingar þessa daga.



Munið! Það er alltaf gott veður á Akranesi. Mætum með gott skap og jákvætt hugarfar svo við getum átt góðar stundir saman.

Með sundkveðju.

Trausti Gylfason, formaður Sundfélags Akraness

Stærðir fyrir T-boli



Small: 46 cm. breidd, 68,5 cm. hæð

Medium: 51 cm. breidd, 71 cm. hæð

Large: 56 cm. breidd, 73,5 cm. hæð

XL: 61 cm. breidd, 76 cm. hæð

2XL: 66 cm. breidd, 77,5 cm. hæð

3XL: 71 cm. breidd, 79 cm. hæð